

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 17. mars 2026
Tilvísun: 26021116

Efni: Svar Matvælastofnunar við greinargerð Kaldvíkur

Þann 26. febrúar 2026 barst Matvælastofnun greinargerð og viðbrögð Kaldvíkur (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar nr. 2714 vegna dýravelferðar- og smitvarnareftirlits á eldissvæðinu Fögrueyri í Fáskrúðsfirði sem fellur undir rekstrarleyfi FE-1139. Með greinargerðinni fylgdi uppfærð og tímasett sláturáætlun og yfirlýsing þjónustudýralæknis.

Framangreind eftirlitsskýrsla Matvælastofnunar er dagsett 24. febrúar 2026 og send eftirlitsþega sama dag en skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór þann 18. febrúar 2026. Í henni er skráð alvarlegt frávik vegna dýravelferðarbrotis þar sem ekki var gerð tilraun til þess að fjarlægja mikið magn af særðum fisk úr kví 12 á eldissvæðinu og frávik vegna aðstæðna við hökkun dauðfisks á pramma á eldissvæðinu.

Ekkert í greinargerð Kaldvíkur gefur tilefni til að ætla að um sé að ræða athugasemdir við framangreinda eftirlitsskýrslu. Í greinargerðinni kemur fram að eftirlitsþegi „leggi ríka áherslu á velferð eldisdýra í allri sinni starfsemi og vilji með bréfi þessu gera grein fyrir þeim aðgerðum sem þegar hafa verið hafnar, tímasettri úrbótaáætlun og þeirri faglegu og lagalegu afstöðu sem liggur að baki ákvörðunum sem teknar hafa verið.“ Hvergi er skráningu frávika andmælt eða farið fram á að þau verði felld niður né hægt að lesa úr greinargerðinni að eftirlitsþegi telji að frávikin séu óréttmæt.

Matvælastofnun telur þó rétt að fjalla um ákveðin atriði sem koma fram í greinargerð eftirlitsþega og þær staðhæfingar sem þar koma fram. Þar kemur eftirfarandi fram:

Í ljósi þróunar ástands í kvínni var metið að hraða þyrfti framkvæmdinni og grípa til heildstæðrar slátrunar úr allri kví 12. Mat félagsins var að við það umfang sáratilvika sem greindist væri heildarslátrun heppilegri leið til að tryggja að sjúkur eða illa farinn fiskur yrði fjarlægður „svo fljótt sem verða má“ í samræmi við 44. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Við slíkar aðstæður getur áframhaldandi og víðtæk handháfun, m.a. með ádráttarnetum, haft í för með sér aukið álag og hættu á frekari áverkum eða smitdreifingu.

Mat félagsins byggðist jafnframt á þeirri faglegu afstöðu sem almennt liggur fyrir í dýralæknagögnum um að umfangsmikil og endurtekin notkun ádráttarneta geti, við tilteknar aðstæður, haft neikvæð áhrif á heildarvelferð fisks.

Matvælastofnun hefur yfirfarið skýrslur dýralækna sem liggja fyrir í málinu sem og skjal sem ber heitið „Memo“ frá þjónustudýralækni eftirlitsþega. Ekkert í þeim gögnum gefur tilefni til að ætla að víðtæk handháfun, m.a. með ádráttarnetum, hafi undir þeim kringumstæðum sem til staðar voru í kví 12, geta haft í för með sér aukið álag og hættu á frekari áverkum eða smitdreifingu eins og eftirlitsþegi heldur fram. Þvert á móti viðast skýrslur þjónustudýralækna mæla með notkun ádráttarneta.

Hvað varðar tilvísun eftirlitsþega til 44. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 þá bendir Matvælastofnun á að orðalagið „svo fljótt sem verða má“ sé afdráttarlaust samhliða orðalagi 2. málslíðar 2. mgr. 44. gr. um að grípa skuli til þeirra ráðstafana sem ástæða þykir til svo koma megi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Það að fjarlægja sáran og sjúkan fisk er liður í því að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdóma.

Í 11. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 kemur skýrt fram skylda til að aflífa sjúk og/eða særð eldisdýr eða tryggja þeim viðeigandi meðferð í samráði við dýralækna.

Þegar fjöldi sárra og sjúkra fiska er orðinn það mikill að venjulegt verklag um handháfun dugir ekki til ber eftirlitsþega að grípa til aðgerða til þess að tryggja að sjúkir og særðir fiskar séu teknir og aflífaðir. Notkun ádráttarneta er öllu jafna næsta viðbragð þegar fjöldi sárra og sjúkra fiska er orðinn það mikill að ekki er hægt að fjarlægja þá með hefðbundinni háfun. Matvælastofnun er kunnugt um hvernig ádráttarnet virka og að notkun þeirra geti aukið tímabundið á streitu hjá heilbrigðum fiski. Stofnunin telur þó að velferð særðra og sjúkra fiska vegi þyngra en áhættan á að valda tímabundinni streitu með notkun netsins hjá heilbrigðum fiskum í kvínni. Matvælastofnun bendir jafnframt á þá staðreynd að almennt syndi heilbrigður fiskur, haldi hann sig á yfirborðinu, undan ádráttarnetum eða háfum og ætti því að komast undan þeim. Á þeim degi sem eftirlitið fór fram hélt heilbrigður fiskur sig neðar í kvínni, svo djúpt að hann var ekki sjáanlegur, á meðan særður og sýktur fiskur hélt sig á yfirborðinu og því minni hætta á að valda heilbrigðum fiski streitu með notkun ádráttarneta.

Með vísan til 11. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 sem og 44. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 er það mat Matvælastofnunar að skylda eftirlitsþega til að fjarlægja og aflífa sáran og sjúkan fisk sé afdráttarlaus. Það sama gildi um skyldu til að auka viðbúnað og aðgerðir þegar ástandið var orðið svo slæmt sem það var vikurnar og dagana fyrir eftirlitið. Hafi eftirlitsþegi metið það sem svo í umrætt sinn að hvorki handháfun né notkun ádráttarneta væri ákjósanleg aðferð við að fanga sáran og sjúkan fisk telur Matvælastofnun að það sé á ábyrgð hans að hafa til staðar aðrar lausnir til slíkra verka.

Ljóst er að með skorti á aðgerðum um aflífun sveimara vanrækti eftirlitsþegi skyldur sína skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018.

**Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar**


**Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur**